

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum



Efnisyfirlit

| | | | |
|---|----|------------------------------|----|
| Ávarp stjórnarformanns | 3 | Náms- og starfsráðgjöf | 27 |
| Inngangur forstöðumanns | 5 | Samvinna - starfsendurhæfing | 32 |
| Stjórn MSS | 10 | Erlend verkefni | 41 |
| Starfsfólk MSS | 11 | Þróunarverkefni | 46 |
| Nám fyrir einstaklinga | 13 | Ársreikningur 2020 | 47 |
| Námsleiðir | 14 | | |
| Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna | 21 | | |
| Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks | 23 | | |
| Þjónusta við fyrirtæki | 24 | | |

Ávarp stjórnarformanns MSS



Það ár sem liðið er frá því síðasta ársskýrsla kom út hefur verið stórmerkilegt, heimsfaraldur, jarðhræingar og nú eldgos. Það hefur áður komið fram í ávörpum mínum hvert hlutverk MSS hefur verið frá upphafi, að bjóða upp á námsúrval sem er ýmist ætlað fyrirtækjum, einstaklingum, stofnunum eða menntastofnunum.

Miðstöðin hefur í gegnum árin verið eins og kamelljón. Aðlagað sig aðstæðum hverju sinni. Hvort sem eftirspurn er eftir fræðslu og þjónustu við fyrirtæki eða til að vera til taks með menntun þegar í harðbakka slær og atvinnuleysið rýkur upp.

Það hefur ekki verið neitt lát á vexti okkar hérna á Suðurnesjum en samhliða því að hér tók samfélagið vaxtarkipp þá urðum við fyrir áfalli þegar öll ferðaþjónusta dróst saman og allt fór í lás vegna Covid. Meðan unnið er að því að bólusetja landann gerum við klárt fyrir að taka

á móti gestum. Bakslögin hafa þó verið nokkur eftir því sem veiran stökkbreytir sér. En tækifærin eru mikil og Reykjanes er ekki bara orðið heitasti staður landsins vegna eldgoss í Geldingadölum, heldur heitasti staðurinn í Evrópu.

En það styttir upp og sólin brýst aftur fram. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að styðja sérstaklega við menntakerfið á Suðurnesjum með því að veita 300 milljónir í svokallað Menntanet. Unnið er að því að útfæra það verkefni um þessar mundir.

Á sama tíma og ríkisstjórnin er að styðja við Menntanet á Suðurnesjum þá hafa Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum ákveðið að draga úr stuðningi við verkefnið að veita fjarnemum sem stunda nám í skólum utan Suðurnesja þjónustu og aðstöðu til að stunda nám sitt.



Starfsfólk MSS

Sá kostnaður sem af því hlýst hefur verið fjármagnaður með styrk sem Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa veitt undanfarin ár. Það voru því vonbrigði að SSS hafi ekki orðið við því árin 2020 og 2021 að veita þennan mikilvæga styrk.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að starfssemi MSS með einum eða öðrum hætti fyrir þeirra framlag. Ég óska öllum þeim sem hafa sótt sér þekkingu til miðstöðvarinnar velgengni á þeirri vegferð sem framundan er.

Stjórn MSS og forstöðumanni þakka ég kærlega fyrir gott samstarf á árinu.

Grindavík, júní 2021.
Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður MSS

Ávarp forstöðumanns

Ár heimsfaraldursins

Árið 2020 byrjaði af krafti og blómstraði starfsemi MSS sem aldrei fyrr. Mikil aðsókn var í nám hjá MSS bæði í námsleiðir, íslenskunámskeið fyrir útlendinga og þjónustan við fyrirtækin lofaði góðu.


Mikið var að gera fyrstu 2 mánuð ársins en þá varð ljóst að heimsfaraldurinn var ekki að hlífa litla Íslandi og samfélagið lokaði meira og minna. Starfsemi MSS fór ekki varhluta af þessu ástandi og á tímabili voru nemendur ekki í húsi. Starfsfólk vann meira og minna að heiman en skrifstofa MSS lokaði hins vegar ekki alveg en viðskiptavinum var bent á að hafa samband í gegnum síma og tölvupóst frekar en að koma á staðinn.

Starfsfólk var fljótt að bregðast við og það nám sem var í gangi í húsnæði MSS var fært yfir í fjarnám. Yfirfærslan tókst mjög vel og þær námsleiðir sem voru í gangi fóru

allar í fjarnám. Hins vegar var gert hlé á íslenskukennslunni, á vorönn, á meðan lokunin stóð yfir. Þegar opnaði aftur fyrir nemendur inn í húsnæði MSS þá fóru þessi námskeið strax aftur af stað og voru nokkur námskeið í íslensku auk þess í fjarnámi á haustönn.

Ástandið hafði mikil áhrif á þjónustu við fyrirtækin sem lokuðu flest á þessum tíma, voru með starfsfólk í skertu starfshlutfalli og stóðu í uppsögnum. Því lagðist þjónusta við fyrirtæki alveg af það sem eftir lifði árs og þar af leiðandi nutu mun færri einstaklingar þjónustu MSS í ár miðað við árin á undan. Hins vegar stóðu námsleiðirnar og íslenskukennslan faraldurinn af sér og fækkaði heildar nemendastundum hlutfallslega mun minna en nemendum.





Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

Framhaldsfræðslan

Lög um framhaldsfræðslu voru sett árið 2010 og þannig stóðir settar undir fimmtu menntastöðina.

Markmið laganna voru:

- a. að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
- b. að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
- c. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
- d. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
- e. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,

- f. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
- g. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum,
- h. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Þetta eru háleit markmið og eru það fræðslu- og símenntunarsmiðstöðvar sem eru staðsettar víðsvegar um landið sem sinna framhaldsfræðslunni með samningi við Fræðslusjóð. Búið er að byggja upp þétt og gott net fræðsluaðila sem starfa samkvæmt gildandi gæðakröfum og starfa þétt saman. Innan framhaldsfræðslunnar eiga þeir aðilar sem hafa samning við Fræðslusjóð að bjóða upp á námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Fjármagn í þennan málaflokk hefur ekki aukist og virðist ekki ná að fylgja hækkun vísitölu. Hins vegar hefur eftirspurn eftir þessari þjónustu verið mun meiri heldur en það fjármagn sem veitt er í hana og því færri sem komast að en vilja. Það er bagalegt að þeir einstaklingar sem af einhverju sökum fóru ekki hinn hefðbundna menntaveg á sínum yngri árum hafi minni möguleika til að koma sér aftur í skólakerfið með stuðningi framhaldsfræðslukerfisins heldur en ef framboðið væri nægjanlegt. Hjá MSS er mikil eftirspurn eftir námsleiðum og náms- og starfsráðgjöf en fjármagn hefur dregist saman frá Fræðslusjóði undanfarin ár.


Það er alveg ljóst að bæta þarf við fjármagn í framhaldsfræðslukerfið eins og hefur verið gert við framhaldsskólana og háskólana á undanförunum árum.

Það sama á við um íslenskukennslu fyrir útlendinga en fjármagn í íslenskukennslu hefur ekki fylgt fjölgun innflytjenda á Íslandi og því minni möguleikar nú fyrir

nýbúa okkar lands að læra tungumálið með kennslu innan framhaldsfræðslunnar en fyrir nokkrum árum.

Hefur þó ástandið aldrei verið gott í þessum málaflokk.

Að setja framhaldsfræðsluna í lög fyrir rúmum 10 árum var nauðsynlegt skref til að lögfesta fimmtu menntastöðina og veita fullorðnum einstaklingum tækifæri til að efla menntun sína og starfsfærni en hins vegar virðist eins og hún sé aðeins að falla í gleyskunnar dá meðal ráðamanna. Það virkar eins og áhuginn sé lítill og ekki sé munað eftir framhaldsfræðslunni og þeim aðilum sem henni sinna nema stöku sinnum í ræðum þegar það á við.



Heildarfjöldi nemendastunda á námskeiðum

Innri mál MSS


Árið 2020 var notað til að sinna innri málum hjá MSS. Starfsfólk MSS vann að gerð mannauðsstefnu undir stjórn forstöðumanns. Mannauðsstefnan var unnin á fundum með öllu starfsfólkinu og einnig var sérstakt ráð sem útfærði tillögur starfsfólks nánar og hugaði að orðavali. Stefnan var síðan staðfest af stjórn MSS. Markmið mannauðsstefnu MSS er að hæfni, þekking og viðhorf starfsfólks nýtist sem best hverju sinni svo ólíkum þörfum viðskiptavina sé mætt eins vel og kostur er. Lögð er áhersla á að skapa sterka liðsheild, góð samskipti, tækifæri til þróunar og gott upplýsingaflæði. Mannauðsstefnan byggir m.a. á gildum MSS sem lúta að fagmennsku, samskiptum og framþróun. Mannauðsstefna MSS byggir á 4 stoðum þ.e. liðsheild, fagmennsku, vexti og vellíðan.

Jafnframt var farið í innra mat stofnunarinnar sem er birt á heimasíðu MSS og sem hlut af því var MSS í fyrsta sinn með í könnun VR um fyrirmyndarfyrtæki.

Sú könnun kom í heild sinni vel út fyrir stofnunina. Í könnuninni er verið að kanna stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækisins, ánægju og stolt og jafnrétti. Það sem skoraði hæst var ánægja og stolt sem mælir hversu vel þér líði í vinnunni og hversu stoltur þú sért af því að starfa hjá fyrirtækinu.

Það sem hins vegar mældist lægst voru launakjörin sem bendir til að starfsfólk telji að launin séu betri á öðrum vinnustöðum.

Innra umhverfi MSS var líka endurbætt á árinu. Skipt var um gólfefni og hafði það umtalsverð áhrif á loftgæði. Farið var í endurbætur á móttöku MSS en móttakan hefur verið nokkuð ósýnileg og mikil þörf á að laga þann þátt. Framkvæmdir hófust í lok ársins og mun þeim ljúka á árinu 2021.



Heildarfjöldi námskeiða eftir árum

Stofnuninni Samvinnu starfsendurhæfingu var formlega slitið á árinu og er starfsemi hennar þar með komin endanlega yfir í MSS. Til að Samvinna myndi rúmast innan MSS var skipulagsskránni breytt og ákvæði sem tengjast Samvinnu sett inn. Sýslumaður hefur staðfest nýja skipulagsskrá.

Lokaorð

Árið 2020 var bæði viðburðaríkt og að mörgu leyti rólegt. Við þurftum að takast á við marga nýja hluti og aðstæður en á sama tíma fór samfélagið í hægagang sem gerði árið frekar rólegt að mörgu leyti. Að færa staðnám yfir í fjarnám á svo til einni nóttu krefst samstarfs margra aðila m.a. verkefnastjóra, verktaka og svo náttúrulega nemenda. Að sama skapi þurfti að færa endurhæfingarþjónustuna yfir í bland af þjónustu á staðnum og í fjarþjónustu. Ráðgjafar Samvinnu gerðu það listavel og tókst að halda einstaklingunum í eins mikilli virkni og hægt var.

Allir þessir aðilar unnu þrekvirki við að láta hlutina ganga upp og eiga þeir þakkir skilið fyrir frábært starf. Starfsfólki öllu vil ég þakka fyrir vel unnin störf á árinu og stjórn MSS fyrir gott samstarf.

*Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður MSS*

Stjórn

Stjórn hélt þrjú bókaða fundi á árinu 2020.



Ellert Eiríksson
Atvinnurekendur.



Kristín María Birgisdóttir
Stjórnarformaður, Samband sveitarfélaga
á Suðurnesjum. Varamaður: Þuríður Gísladóttir.



Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir
Reykjanesbær.
Varamaður: Berglín Bergsdóttir.



Ólafur Magnússon
Stéttarfélag.
Varamaður: Guðbjörg Kristmundsdóttir.



Kristján Ásmundsson
Fjölbrotaskóli Suðurnesja.
Varamaður: Guðlaug M. Pálsdóttir.

Starfsfólk



Arndís Harpa Einarsdóttir
náms- og starfsráðgjafi, 50% starf.



Eydís Eyjólfsdóttir
þjónustufulltrúi, 80% starf.



Gunnrún Theodórsdóttir
félagsráðgjafi, 100% starf.



Áslaug Bára Loftsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Guðbjörg G. Gylfadóttir
náms- og starfsráðgjafi, 100% starf.



Hólmfríður Karlsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Birna Vilborg Jakobsdóttir
verkefnastjóri atvinnulífs, 87% starf.



Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður, 100% starf.



Hrannar Baldursson
verkefnastjóri námsleiða, 100% starf.
2. okt. 2020 - 31. des. 2020.



Hrönn Auður Gestsdóttir
þjónustufulltrúi, 100% starf.



Monika Krus
verkefnastjóri, 100% starf.



Sunna Hafsteinsdóttir
Iðjubjálfi, 100% starf.



Kristinn Bergsson
þjónustufulltrúi og tæknimaður.
Sinnir útköllum eftir þörfum.



Nanna Bára Maríasdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Sveindís Valdimarsdóttir
verkefnastjóri, 100% starf.



Linda Björk Pálmadóttir
verkefnastjóri námsleiða, 100% starf.
6. nóv. 2020 - 31. des. 2020.



R. Helga Guðbrandsdóttir
deildarstjóri Samvinnu, 100% starf.



Særún Rósa Ástþórsdóttir
deildarstjóri, 100% starf til 01.06. 2020



Kristín Hjartardóttir
verkefnastjóri, 100% starf.




Steinunn Jónatansdóttir
deildarstjóri, 100% starf.



Þórdís Marteinsdóttir
verkefnastjóri, 100%

Nám fyrir einstaklinga



Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

Gagn og gaman

Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks.


Þátttaka í þessum flokki og framboð bar mikinn keim af covid ástandinu og var lítið hægt að halda af þessum námskeiðum á árinu. Þau námskeið sem voru haldin voru öll skipulögð af þeim samstarfsaðilum sem MSS er í samstarfi við fyrir utan eitt námskeið.

Samstarf er við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessara námskeiða.


MSS er líka í samstarfi við samtökin U3A Suðurnes. U3A stendur fyrir University of the Third Age eða Háskóli þriðja aldurskeiðsins sem er fyrir 60 ára og eldri.

Nokkrir hópar eru undir U3A sem hittast reglulega yfir vetrarmánuðina hjá MSS til að ræða saman, hlusta á erindi og fræðast um hin ýmsu málefni. Öll starfsemin er skipulögð af U3A.

Í heild sinni voru haldin átta námskeið með 131 einstaklingi í flokknum Gagn og gaman.



Heildarfjöldi þátttakenda á tungumálanámskeiðum




Heildarfjöldi þátttakenda á tölvunámskeiðum

Tungumál

Haldin voru þrjú námskeið á árinu. Eitt pólskunámskeið fyrir byrjendur og tvö enskunámskeið fyrir starfsmenn á hóteli. Alls sóttu 35 einstaklingar þessi námskeið.

Tölvunám

Aðeins eitt tölvunámskeið fór af stað á árinu.



Heildarfjöldi þátttakenda í fjarnámi

Fjarnám

Það voru um 111 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2020 en 143 á haustönn og hefur því fjöldinn hækkað lítilega á milli ára. Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísileg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku.

Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði, sem upp koma, tengd náminu.

Alls voru haldin 274 próf á árinu sem MSS hafði umsjón með fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands. Skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Fjöldi prófa var aðeins hærri en árið á undan þrátt fyrir að mörg próf hefðu verið færð í heimapróf vegna covid ástandsins.

31 fjarnemi frá HA útskrifaðist vorið 2020.

Frá hug- og félagsvísindasviði útskrifuðust 21 nemandi, 4 frá heilbrigðisvísindasviði og 6 frá viðskipta- og raunvísindasviði.



Námsleiðir

Árið 2020 var fordæmalaust, þar sem heimsfaraldur var í gangi en starfsmenn unnu hörðum höndum að því að taka eina viku í einu, eða jafnvel einn dag í einu og endurskipuleggja út frá nýjum sóttvarnareglum. MSS hélt þó áfram að skapa tækifæri til náms og bjóða fullorðnum námsmönnum á Suðurnesjum og reyndar víðar, með tilkomu fjarnáms, fjölbreytt námstækifæri.

MSS í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, hefur skipulagt lengri og styttri námsleiðir undanfarin ár en sú færniuppbygging sem lögð er til grundvallar á lengri bóklegum námsleiðum er til að styrkja stöðu þátttakenda á næstu stigum náms. Mikil áhersla er lögð á að læra að læra, efla skipulagsfærni, sjálfstraust í námi og ekki síst sjálfstæði í vinnubrögðum. Fullorðnir námsmenn er fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi reynslu og styrkleika, sem flesta þurfti að nýta undanfarið ár.

MSS hefur í gegnum árin haldið góðu samstarfi við stofnanir á Suðurnesjum en skjólstæðingar Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaganna og Fjölsmiðjunnar hafa sótt mörg lengri og styttri námskeið hjá MSS.

MSS býður upp á margvíslegar námsleiðir bæði starfstengdar og í almennum bóklegum greinum. Mörg námskeið/námsleiðir eru kenndar á ensku og pólsku eftir þörfum eða með aðstoð túlks. Lögð er áhersla á sveigjanlegt nám þar sem nemendur geta nálgast námsefni á netinu, óháð tíma og rúmi. Undanfarin ár hefur þróun kennsluhátta tekið markvissum breytingum, bæði vegna áhrifa COVID og fyrir tilstilli margra þróunarverkefna sem MSS hefur tekið þátt í og í dag eru námsleiðir kenndar í dreifinámi, fjarnámi og fjarkennslu. Dreifinámi er svokallað blandað nám þar sem hluti námsins fer fram á netinu og nemendur sækja því færri tíma í skólastofunni.



Heildarfjöldi þátttakenda í FA-námsleiðum.

Fjarnám fer nánast alfarið fram á netinu en nemendur mæta í staðlotu í upphafi hverrar námslotu sem er á um sex vikna fresti. Fjarkennsla er kennd á rauntíma með þeim hætti að fyrirlesari/kennari hittir nemendur á netinu á fyrirfram gefnum tíma og er til taks allan tímann.

Bóklegt nám sem fyrsta skrefið

Fullorðnir námsmenn sem hafa ekki lokið grunnskóla eða ekki stundað nám í langan tíma geta tekið fyrsta skrefið í Grunnmenntaskólanum, sem er frábær undirbúningur. Þar er farið yfir grunnþætti í almennum bóklegum greinum, upplýsingatækni, sjálfstyrkingu og markmiðasetningu. Fyrir þá sem vilja halda áfram menntaveginum og stefna jafnvel að stúdentsprófi eða ígildi stúdentsprófs þá eru Menntastoðir frábært skref en nemendur geta valið um þrjár mismunandi leiðir, stað-, dreifi- og fjarnám. Mikil aðsókn hefur verið í Menntastoðir en það má skýra með breyttum aðstæðum á vinnumarkaði.

Stór hluti útskrifaðra nemenda úr Menntastoðum heldur áfram í frumgreinadeild og síðar í háskóla. Námsleiðin Íslensk menning og samfélag er ætluð fólki af erlendum uppruna til að auðvelda aðlögun að íslensku samfélagi. Megináhersla er lögð á nám í íslensku en einnig að auka þekkingu námsmanna á íslensku samfélagi og atvinnulífi. MSS hefur, í góðu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í nærumhverfi, getað farið með hópinn í heimsóknir og fengið kynningar á rekstri og starfsemi fyrirtækja. Hafa þátttakendur haft á orði að heilmikið væri í boði í okkar góða samfélagi sem fer oft fram hjá íbúunum.

Líkt og áður kom fram hefur gott samstarf myndast á milli MSS og ýmissa aðila í samfélaginu og höfum við útskrifað fjölda nemenda úr Stökkpalli. Námsleiðin Stökkpallur er ætluð ungu fólki sem þarf aðstoð við að komast aftur út í atvinnulífið eða mögulega í nám af einhverju tagi. Námsleiðin fer fram í 88 húsinu en Reykjanesbær hefur

boðið Miðstöðinni að vera með aðsetur þar fyrir Stökkpallinn. Það samstarf hefur haft jákvæð áhrif á þátttakendur sem og á starfsemi í 88 húsinu. Námsleiðin er skipulögð þannig að tveir leiðbeinendur fylgja hópnum, farið er í vettvangsheimsóknir í fyrirtæki, unnið að ferilskrá, markmiðasetningu og sjálfsskoðun. Sem dæmi um árangur þá útskrifuðust 13 þátttakendur úr Stökkpallinum á haustönn. Þau voru atvinnuleitendur á vegum VMST og af þeim voru níu þeirra, samkvæmt eftirfylgni viðtals náms- og starfsráðgjafa hjá MSS, komnir í annað nám, námskeið, vinnu og/ eða önnur úrræði.

Starfstengt nám

Það hefur sýnt sig að þau verkfæri sem Miðstöðin hefur til þess að þjónusta markhóp sinn virka afar vel. Þá er sá mikli sveigjanleiki sem starfsemin hefur að bjóða mikill kostur en þar vinna saman námsframboðið sem Miðstöðin getur boðið og það hversu fljótt hefur verið hægt að bregðast við. MSS býður ýmsar starfstengdar námsleiðir til þess að

stuðla að því að styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði hvort sem viðkomandi er að skipta um starfsvettvang eða vill efla sig í núverandi starfi.

Skrifstofuskóli I og II

Skrifstofuskóli I og Skrifstofuskóli II eru ætlaðir þeim sem starfa eða vilja starfa við skrifstofustörf. Námið veitir góðan undirbúning fyrir ýmis konar störf, allt frá móttöku að störfum í bókhaldi. Markvisst hefur verið unnið að því að skapa góða samfellu á milli námsleiðanna með það að markmiði að þátttakendur fái enn betri grunn í þjónustu, bókhaldi og helstu þáttum skrifstofustarfa.

Grunnnámskeið í fiskvinnslu

MSS starfar náið með ýmsum fyrirtækjum og hefur m.a. skipulagt Grunnnámskeið í fiskvinnslu í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki undanfarin ár. Þá er tekið tillit til álagstíma í fyrirtækjunum og fyrirkomulag námskeiðanna aðlagð að þörfum fyrirtækjanna. Grunnnámskeið í fiskvinnslu hafa

verið kennd reglulega hjá MSS og eru þau ætluð þeim sem starfa að verkun og vinnslu sjávarafurða. Markmið námsins er að efla faglega hæfni fiskvinnslufólks ásamt því að styrkja starfsfólk varðandi samskipti, sjálfstraust, líkamsbeitingu og fleira.





Meðferð matvæla

Meðferð matvæla er námsleið ætluð þeim sem starfa við ýmiskonar matvælavinnslu hvort sem um er að ræða frumvinnslu eða fullvinnslu. Sú námsleið tekur mið af þeirri matvælavinnslu sem námskeiðið er haldið fyrir hverju sinni.

Markmið námsins eru m.a. að námsmenn geti útskýrt mikilvægi og ábyrgð starfsmanna matvælaiðnaðar á lýðheilsu, geti útskýrt mikilvægi skipulags, eftirlits, ögunar og vandvirkni í matvælaiðnaði og þekki algenga gæðastaðla, gæðaferla og aðferðir til að skipuleggja innra eftirlit.

Færni í ferðapjónustu

Færni í ferðapjónustu er námsleið ætluð þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við ferðapjónustu og vilja efla færni sína í að takast á við fjölbreytt úrlausnarefni í því starfi. Fyrsti hluti námsins getur hentað fyrir nýliða eða sumarstarfsfólk og hélt MSS eitt slíkt námskeið og útskrifaði 10 þátttakendur.

Námsleiðirnar meðferð matvæla og færni í ferðapjónustu eru meðal þeirra leiða sem Vinnumálastofnun hefur nýtt fyrir sína skjólstæðinga með mjög góðum árangri. Jógakennara- og leiðsögunám

Á vorönninni útskrifuðust 13 þátttakendur úr 200 klukkustunda Jógakennaranámi sem haldið var í fyrsta skipti á Suðurnesjum í samstarfi við Maríu Olsen jógakennara. Námið er viðurkennt af jógakennarafélagi Íslands. Mikil áhersla er lögð á verklega kennslu í náminu og að þátttakendur fái góðan undirbúning til þess að takast sjálfir á við starf jógakennara að loknu námi. Meðal námsþátta eru siðareglur jógakennara, heimspeki, hin áttfalda leið, æfingakennsla auk kennslu varðandi viðskipti, skattamál og fleira. Einnig útskrifuðust 10 þátttakendur úr Svæðisbundnu leiðsögunámi sem hófst haustið 2019, sem var hluti af atvinnuuppbyggingu og eflingu Suðurnesja.

Boðið var upp á þessa námsleið í kjölfar falls WOW, fyrir það fjármagn sem fylgdi mennta- og atvinnuátaki. Markmið með náminu eru að: þátttakendur hafi almenna þekkingu við leiðsögn með ferðamenn, hafi öðlast sérmenntun á sviði leiðsagnar um Reykjanesið og hafi öðlast færni og hæfni til þess að standast kröfur ferðaþjónustunnar hverju sinni um áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Námið var kennt í samstarfi við Leiðsöguskóla Menntaskólans í Kópavogi.


Samfélagstúlkur

Markmið með náminu er að einstaklingar sem sinna samfélagstúlkun öðlist þá hæfni sem þarf til að sinna skilgreindum viðfangsefnum, samkvæmt hæfnigreiningu starfsins, á árangursríkan hátt og geti þróast í starfi. Einstaklingar sem sækja námið þurfa að hafa gott vald á íslensku og því tungumáli sem þeir túlka.

Vorið 2020 útskrifuðum við í MSS okkar 13 fyrstu samfélagstúlka. Miklir atvinnumöguleikar hafa verið fyrir túlka hér á svæðinu og gaman að segja frá því að allir, sem höfðu tök á, fengu verkefni við túlkun eftir útskrift.



Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna



Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

Alls sóttu 360 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2020. Þar af voru 170 nemendur á vorönn og 190 nemendur á haustönn.

Einnig sóttu 16 nemendur 30 stunda íslenskunámskeið á árinu 2020. Þar af voru 8 nemendur á vorönn og 8 nemendur á haustönn.

Covid – 19 setti strik í reikninginn hjá okkur en öll íslensku kennsla var lögð niður í nokkrar vikur á vorönn.

Þegar við fórum af stað aftur, þá var það með miklum takmörkunum, fáum hópum í einu og færri nemendum í hverjum hópi.

Á haustönn voru einnig samkomutakmarkanir sem höfðu áhrif á fjölda hópa og nemenda sem sóttu íslenskunámskeið hjá okkur. Við buðum í fyrsta skiptið upp á fjarkennslu í íslensku og tókst það vel til.

Kennslan fór fram í MSS í Reykjanesbæ og í fjarkennslu. Íslenskunámskeiðin eru kennd bæði fyrir og eftir hádegi og á kvöldin og með því móti getum við aðlagð nám og námskeið eftir þörfum þeirra sem sækja íslenskunámskeiðin.

Íslenskunámskeiðunum er skipt upp í íslensku 1-5, ásamt sérstökum talnámskeiðum og námskeiði í grunnfærni. Skiptingin á árinu er eftirfarandi, **sjá töflu á næstu síðu.**

60 stunda íslenskunámskeið

| Vorönn 2020 | |
|-----------------------------|----------------------|
| <i>Íslenska grunnfræði.</i> | <i>engir nemend.</i> |
| <i>Íslenska 1</i> | <i>90 nemendur</i> |
| <i>Íslenska 2</i> | <i>33 nemendur</i> |
| <i>Íslenska 3</i> | <i>32 nemendur</i> |
| <i>Íslenska 4</i> | <i>15 nemendur</i> |

| Haustönn 2020 | |
|-----------------------------|----------------------|
| <i>Íslenska grunnfræði.</i> | <i>engir nemend.</i> |
| <i>Íslenska 1</i> | <i>98 nemendur</i> |
| <i>Íslenska 2</i> | <i>60 nemendur</i> |
| <i>Íslenska 3</i> | <i>20 nemendur</i> |
| <i>Íslenska 4</i> | <i>12 nemendur</i> |

Alls voru haldin 33 námskeið á árinu og komu 12 kennarar að kennslu þeirra.

Nemendur sem sóttu íslenskunámskeið hjá okkur komu á eigin vegum eða á vegum t.d. Reykjanesbæjar, Suðurnesja-bæjar, Vinnumálastofnunar, frá fyrirtækjum á svæðinu og á vegum Virk og Samvinnu.

Hluti af starfi okkar hjá MSS er að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum í námi og starfi.

30 stunda íslenskunámskeið

| Vorönn 2020 | |
|-------------------|-------------------|
| <i>Íslenska 2</i> | <i>8 nemendur</i> |

| Haustönn 2020 | |
|-----------------|-------------------|
| <i>Talhópur</i> | <i>8 nemendur</i> |



Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og vel sótt.

Gott samstarf hefur verið við Björgina, geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa. Vegna Covid þá var námskeiðinu dreift á bæði vor- og haustönn.

Á námskeiðinu var farið yfir mikilvægi þess að stunda hollan lífstíl, samskipti, drauma, markmið og skapandi hugsun. Einnig fengu nemendur kynningu á því námi sem fram fer hjá MSS og kynningu á Samvinnu starfsendurhæfingu. Auk kennslustundanna fengu nemendur viðtal hjá iðjupjálfa sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið stóð til boða að sækja viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa MSS.

Haldin voru söngnámskeið á hvorri önn fyrir sig og voru námskeiðin mjög vel sótt. Haldin voru að auki matreiðslunámskeið, heilsuræktarnámskeið, förðunarnámskeið og listanámskeið.

Alls voru haldin 12 námskeið með 111 nemendum.



Þjónusta við fyrirtæki

Stærsta verkefnið sem atvinnulífið á Suðurnesjum tókst á við árið 2020 voru afleiðingar vegna heimsfaraldursins COVID 19. Það eru miklar efnahagslegar afleiðingar, sem og heilsufarslegar, og því erfiðar áskoranir sem komið hafa upp á vinnumarkaðnum. Mikill uppgangur var á fyrirtækjasviði MSS fyrstu tvo mánuði ársins en mikill samdráttur varð hina mánuði ársins á . Starfsfólk MSS brást fljótt við og hafði það að leiðarljósi að vera styðjandi við atvinnulífið eins og kostur var. Einnig markast starfsemin nokkuð af stöðu á vinnumarkaði þar sem fjöldi atvinnuleitenda hefur aldrei verið meiri á Suðurnesjum en samkvæmt mælaborði VMST voru tæplega 24,5% íbúar Suðurnesja án atvinnu í lok árs 2020.

Þar sem að flestir vinnustaðir voru meira og minna lokaðir þá hélt starfsfólk fyrirtækjasviðs tengslum við fyrirtæki með öðrum hætti en vanalega.

Þetta varnýr veruleiki og þurftum við að aðlagast nýjum aðstæðum. Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að minna stjórnendur fyrirtækja á að hlúa að mannauði sínum. Þó nokkur fyrirtæki héldu áfram að styrkja starfsfólk sitt og hlúa að starfsmannaheildinni eins og kostur gafst.

Jafnframt voru haldin námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja sem voru nýorðnir atvinnuleitendur eða á hlutabótaleið hjá VMST, bæði til að styrkja atvinnuleitendur og halda þeim í virkni. MSS hefur verið í góðu samstarfi við mörg fyrirtæki á svæðinu.

Námskeið

Þrátt fyrir miklar takmarkanir vegna hertra sóttvarnaaðgerða þá náði fjöldi fyrirtækja að nýta sér þjónustu fyrirtækjasviðs MSS við skipulagningu námskeiða árið 2020. Námskeiðin voru af ýmsum toga:

| | |
|---|----------|
| Endurmenntun atvinnubílstjóra | 10,5 st. |
| Enskunámskeið (sérsniðin að fyrirtæki) | 18,0 st. |
| Erfiðir viðskiptavinir - jákvæð samskipti | 5,0 st. |
| Fagmennska | 5,0 st. |
| Fagleg framkoma/þjónusta og sala | 5,0 st. |
| Frumkvöðlanámskeið | 13,5 st. |
| Íslenskunámskeið (sérsniðin að fyrirtæki) | 20,0 st. |
| Íslenskunámskeið (sérsniðin að fyrirtæki) | 30,0 st. |
| Íslenskunámskeið (sérsniðin að fyrirtæki) | 60,0 st. |
| Jákvæð samskipti | 3,0 st. |
| Jákvæð samskipti á ensku | 3,0 st. |
| Leiðtoganámskeið | 9,0 st. |

| | |
|---|------------------|
| Linkedln | 4,5 st.a |
| Matvælanámskeið | 30,0 st. |
| Skyndihjálp á ensku | 6,0 st. |
| Skyndihjálp á pólsku | 6,0 st. |
| Skyndihjálp | 6,0 st. |
| Starfslokánámskeið | 3,0 st. |
| Starfsþróun - styrking í handleiðslu | 39,0 og 42,0 st. |
| Sveigjanlegt nám- sveigjanlegir kennsluhættir | 30,0 st. |
| Vefsíðugerð grunnnámskeið | 16,0 st. |
| Verkefnastjóranámskeið | 24,0 st. |
| Vinnustaða | 21,0 st. |
| Þjónustunámskeið | 6,0 og 12,0 st. |
| Þjónusta - fagleg framkoma - erfiðir viðskiptavinir á ensku | 4,5 og 6,0 st. |
| Þrif á hóteli | 6,0 st. |

Fyrirtækin spanna ólík starfssvið og eru þverskurður af atvinnulífinu á svæðinu. Lítil og meðalstór fyrirtæki og upp í stærstu vinnuveitendur landsins eru á svæðinu. Fyrirtæki sem eru á flugvallarsvæðinu, í ferðaþjónustu, matvælaíðnaði, sveitarfélög, hið opinbera og fleira.

Alls voru það 563 þátttakendur sem sóttu 43 námskeið sem haldin voru af fyrirtækjasviði fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu. Jafnframt voru 95 þátttakendur á 7 starfstengdum FA námsleiðum sem tengdust beint þjónustu við fyrirtæki.

Verkalýðs og sjómannafélag Keflavíkur

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur hefur boðið félagsmönnum sínum upp á fjölbreytt námskeið þeim að kostnaðarlausu og er það afar ánægjuleg viðbót við námsúrvalið. Einnig auglýstum við og kynntum fyrir félagsmönnum námslínur innan MSS þar sem félagsmenn geta sótt um endurgreiðslu námskeiðsgjalda að hluta til eða öllu leyti.

Samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Í samstarfi við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar hefur MSS verið að gera þríhliða samning við fyrirtæki í ferðaþjónustu um fræðslu og mælingar á árangri. Nokkrir samningar hafa verið gerðir og búið er að gera fræðslugreiningar. Farið er eftir fræðsluáætlun sem unnin var í framhaldi af þeim í nokkrum fyrirtækjum en það eru B&B hótél, Hótél Keflavík, Bus4U, Avis bílaleiga, Geysir bílaleiga og Aurora Star hótél. Verkefnastjórar á fyrirtækjasviði eru einnig í

klasasamstarfi með ferðaþjónustufyrirtækjum í Grindavík hvað varðar fræðslu í ferðaþjónustu. Öll þessi verkefni eru í biðstöðu en um leið og glæðist þá hefjum við leik aftur.



Heimsóknir í fyrirtæki

Starfsmenn fyrirtækjasviðs fara reglulega í heimsóknir á vinnustaði eða heyrna í þeim rafrænt. Árið 2020 hefur verið minna um heimsóknir í fyrirtækin en við reynum að hafa puttann á púlsinum og fylgjast með og erum alltaf tilbúin til að skipuleggja fræðslu og stuðning þegar þess er þörf.

Þegar erfiðleikar steðja að í atvinnulífinu eins og við upplifðum á síðastliðnu ári þá þarf að bregðast við í takt við atvinnulífið og sinna þörfum þess eins vel og hægt er. Við erum ánægð með hversu mikið fyrirtækin leita til okkar hvort sem er á uppgangstímum eða þegar skóinn krepur að og leggjum við okkur fram við að veita framúrskarandi þjónustu. Nú skiptir máli að halda áfram því öflugra starfi sem hefur verið undanfarin ár og bæta í til að geta sinnt þörfum atvinnulífsins.


Náms- og starfsráðgjöf

Áhersla er lögð á að náms- og starfsráðgjafar séu áberandi og vinni náið með öllum deildum innan MSS. Árið 2020 voru þrjár náms- og starfsráðgjafar starfandi hjá MSS stærstan hluta ársins. Í desember fóru tveir til annarra starfa og því lauk árinu með einum ráðgjafa. Ráðinn var nýr náms- og starfsráðgjafi sem hefur störf 1. mars 2021.

Á árinu 2020 tóku náms- og starfsráðgjafar **829 viðtöl**. Þau skiptust þannig að **811** voru greidd af fræðslusjóði en 18 greidd af öðrum.

Kynin skiptust nokkuð jafnt en **429 karlar** sóttu ráðgjöf á móti **399 konum**.

Ef skoðaður er aldur þeirra sem sóttu ráðgjöf hjá MSS þá er sá yngsti 18 ára en sá elsti 63 ára, meðalaldur var 30,5 ár.



Heildarfjöldi þátttakenda eftir kyni ■ Konur ■ Karlar


Ráðgjöf til nemenda

Viðtölin skiptust þannig að 161 einstaklingur kom í hóp-ráðgjöf, 26 hvatningarviðtöl voru tekin en stærsti hlutinn eða 642 einstaklingar mættu í einstaklingsviðtal.

Hvatningarviðtöl eru þau viðtöl sem eru tekin af öðrum en náms- og starfsráðgjöfum en falla undir sama efni. Lang stærsti hluti erlendra ráðþega komu frá Póllandi.

Ráðgjöfin er ávallt kynnt vel í upphafi allra námsleiða, þannig ná náms- og starfsráðgjafar til allra þeirra hópa sem stunda nám innan MSS og kynna vel þá þjónustu sem þeir veita.

Óhætt er að segja að árið hafi verið heldur óvenjulegt að mörgu leyti. Oft hefur tímaskortur einkennt nemendur, í ár teljum við að aðeins hafi hægst á þessum hraða. Hins vegar voru aðrar áskoranir eins og hræðsla við að smitast af kórónuveirunni og/eða smita aðra.



■ Einstaklingsráðgjöf ■ Hópráðgjöf ■ Hvatningarviðtal

Þá var það áskorun fyrir marga að aðlagast breyttu umhverfi með tækni og öllum þeim áskorunum sem þeim fylgja.

Aukning hefur verið í nám og vorum við til að mynda í fyrsta skipti í langan tíma með staðnámsþóp í Menntastöðum. Undafarið hafa verið keyrðir fjar- og dreifinámsþópar, en ekki hafði náðst í staðnámsþóp í Menntastöðir í mörg ár. Margir af þeim sem komu í nám, komu vegna þess að um staðnám var að ræða og því var það þeim þungbært þegar kennslan var færð yfir í fjarnámsform. Því reyndi mikið á utanumhald, hvatningu og eftirfylgni. Eins og áður felst áskorunin oftast en ekki í því að viðhalda trú á eigin getu og seiglu ef eitthvað kemur uppá. Við fundum fyrir miklum kvíða og álagi á nemendur, því var mikið lagt upp út tengslamyndun. Við teljum að kjarni náms- og starfsráðgjafar sé að vera til staðar fyrir

Þá einstaklinga sem til okkar leita, fara til þeirra sem koma ekki sjálfir og leggjum við mikla áherslu á að mynda tengsl við nemendur. Þannig er fólk líklegra til að nýta ráðgjöfina og þau verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar bjóða uppá.

Helst hafa notendur verið að nýta sér áhugasviðskannanir í bland við sjálfstyrkingu, námstækni og markmiðasetningu. Einnig leita nemendur til okkar eftir aðstoð við að útbúa ferilskrá, vegna prófkvíða, við skipulagningu, varðandi stoðþjónustur og varðandi leiðir til áframhaldandi náms og vísa náms- og starfsráðgjafar þeim gjarnan áfram. Einnig hafa einstaklingar komið til að ræða persónuleg mál sem hafa áhrif á námið og þróun á náms- og starfsferil sem og að fá stuðning og hvatningu með markmið sín. Mikið hefur verið um sviptingar á vinnumarkaði og ráðgjafar MSS hafa fundið vel fyrir því í tengslum við ráðgjöf.



Rafræn ráðgjöf hefur ávalt verið í boði en teljum við það skref sem stigið hafi verið síðastliðið ár eigi eftir að ýta enn frekar undir slíka þjónustu. Samhliða þeirri þjónustu sem veitt er hjá MSS í dag er þróunin góð, þannig getum við náð til breiðari markhóps. Ástandið síðastliðið ár hefur eftt okkur og víkkað sjóndeildarhringinn okkar í ráðgjöf að mörgu leyti. Töluverð aukning var á rafrænni ráðgjöf og eflaust fórum við leiðir sem nú eru komnar til að vera. Þetta kallaði á aðlögun ráðþega sem og ráðgjafa.



Hópráðgjöf

Hópráðgjöf í gegnum fjarfundabúnað var mjög áberandi á árinu. Það hefur sína kosti og galla. Kostirnir eru að þessi leið hentar stórum hluta námsmanna og því finna margir ekki fyrir miklum breytingum, eins og til að mynda dreifi- og fjarnámshóparnir. Ókosturinn er hinsvegar sá að aðrir kjósa ekki fjarnám og þurfa meira utanumhald, kjósa að mæta og þurfa á stuðningi hópsins, kennara og ráðgjafa að halda.

Fólk sem glímir við einhverja erfiðleika eins og kvíða og þunglyndi einangrast gjarnan, það þorir jafnvel ekki að koma í mynd eða að tjá sig í gegnum fjarfundabúnað og þannig missa þessir einstaklingar tengsl, sem eru þeim mjög mikilvæg. Reynt er að hvetja fólk til þátttöku en fyrir marga er það að mæta, hitta hópinn og vera í virkni gríðarlega mikilvægt.

Hér er áskorun ráðgjafa að lesa í óyrту samskiptin, að heyra það ósagða. Það er erfiðara þegar um rafræna ráðgjöf er að ræða. Í hópráðgjöf höfum við ýmist sinnt sjálfstyrkingu, námstækni, ferilskrá/færnimöppu og náms- og starfsfræðslu, raunfærnimati sem og að kynna námsleiðir.

Mikilvægt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur og þar teljum við teymisvinnu lykilatriði. Eins og áður höldum við áfram að finna leiðir í takt við markhópinn og tækniþróun.

Samstarf

Ráðgjafar MSS skiptu sér niður á námslínur þar sem vel var haldið utan um hópana og ráðgjafar settu sig í auknu mæli í samband við nemendur, vel var fylgst með námsframvindu og líðan. Auk þess var fylgst með hvort nemandi væri virkur á námsvef og verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar unnu saman í þágu nemenda.

Sú kennsla sem við komum að fór á tímabili að miklu leyti fram í gegnum fjarskiptabúnað og þá reynir á utanumhald og eftirfylgni. Nemendum var hjálpað með aukakennslu ef þess var óskað. MSS leggur áherslu á teymisvinnu ráðgjafa sem og verkefnastjóra, í kringum allar námsleiðir var teymi samansett úr verkefnastjóra, kennara og ráðgjafa þar sem allir lögðust á eitt við að hlusta eftir þörfum ráðþega. Mikil áhersla var lögð á samvinnu þessara einstaklinga með reglulegum fundum teymis.

Ráðgjafar MSS vinna í góðu samstarfi við stoðþjónustur á svæðinu. Mikil samvinna var við Vinnumálastofnun þar sem unnið var að úrræðum og fólki bent á leiðir í námi, námskeiðum og hæfnipróun. Ráðgjafar hafa sinnt ráðgjöf og hjálpað við að greina hópinn og benda á úrræði. Náms- og starfsráðgjafi MSS tók greiningarviðtöl fyrir VMST og bentu á leiðir í námi, veitti ráðgjöf varðandi ferilskrár, áhugasviðskannanir eða annað sem hentaði viðkomandi ráðþega. Mikilvægt er að hlusta á þarfir hópsins og finna lausnir þeim til hagsbóta.

Aukin aðsókn var í nám á árinu en slæmt atvinnuástand verður oft til þess að fólk nýtir tækifærið til að auka þekkingu sína, skoða leiðir til færniþróunar og/eða fer í nám. Því miður nær það fjármagn sem úthlutað er til ráðgjafar ekki utan um þörfina og var stofnunin til að mynda búinn með úthlutaðann kvóta til ráðgjafar í lok ágúst.

Raunfærnimat og fyrirtækjaþjónusta

Raunfærnimatsverkefni voru tvö á árinu. Almenn starfshæfni þar sem 12 manns fóru í gegnum matið. Alls voru það 14 manns sem byrjuðu, tveir hættu í miðju ferli þar sem þeim þótti ferlið reyna of mikið á og kusu því að koma síðar þegar líðan væri komin í betra jafnvægi. Fimm fóru í raunfærnimat í Fisktækni í samvinnu við Fisktækniskóla Íslands.

MSS hefur sinnt fyrirtækjaþjónustu eins og best verður á kosið miðað við aðstæður. Í upphafi árs var farið í fyrirtæki og náms- og starfsráðgjöfin kynnt í samstarfi við fyrirtækjasvið MSS. Náms- og starfsráðgjafar MSS hófu samstarf með ráðgjöf innan fyrirtækis sem var ekki unnt að ljúka vegna Covid, þar sem fyrirtækið vildi takmarka mjög utanaðkomandi aðgang.




Samvinna – starfsendurhæfing

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn hindrana þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar. Endurhæfingin fer að mestum hluta fram í hóp, t.d. með námskeiðum, fræðslu, hópefli og líkamspjálfun en á einstaklingsmiðaðan hátt þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Einnig fer endurhæfingin fram einstaklingslega með viðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum og launaðri eða ólaunaðri vinnuþröfn. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám. Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér raunhæf markmið.

Á mynd 1. á næstu síðu, má sjá hvernig skipting var á fjölda þátttakenda á milli mánaða á árinu 2020.

Fjöldi þátttakenda hækkaði frá árinu áður. Þegar meðaltal er tekið saman fyrir árið eru 65 þátttakendur í hverjum mánuði sem nýta sér þjónustu Samvinnu en árið 2019 var meðaltalið 53. Vegna Covid-19 faraldursins seinkaði útskrift hjá nokkrum þátttakendum vegna mikillar óvissu í samfélaginu. Ópið var hálfan júlímánuð sem gerði þjónustuna samfelldari en áður þegar lokað hefur verið allan júlí. Atvinnuástandið versnaði til muna og fóru atvinnuleysistölur allt upp í 25%. Árið 2020 var öðruvísi en önnur ár vegna Covid-19 en Samvinna starfsendurhæfing var alltaf opin og fræðslan fór fram bæði á staðnum og í fjarfundarbúnaði allt eftir því hvernig samkomutakmarkanir voru. Við teljum að vel hafi tekist til og ráðgjafar, starfsfólk og þátttakendur aðlagast sig að þessum erfiða tíma. Samstarf við ráðgjafa og sérfræðinga VIRK var gott eins og undanfarin ár.

Fjöldi þátttakanda í Samvinnu



mynd 1.

Ráðgjafar Samvinnu hafa unnið að því að vekja athygli á því góða starfi sem þeir vinna og hafa lagt sitt af mörkum til þess að fjölga þátttakendum í Samvinnu. Kynning var haldin fyrir sérfræðinga VIRK, þar sem ráðgjafar Samvinnu fóru yfir þá þverfaglegu starfsendurhæfingu sem boðið er upp á. Að mati ráðgjafa Samvinnu er boðið upp á fjölbreytta þverfaglega starfsendurhæfingu. Ráðgjafar rýna í hópinn sem vísað er til Samvinnu og aðlaga námskeiðin að þörfum þátttakenda.

Eitt af verkefnum Samvinnu á árinu var að undirbúa efni fyrir heimsíðu MSS. Þar sem markmiðið er að hafa aðgengilegar upplýsingar á þeirri þjónustu sem boðið er upp á, lýsingar á námskeiðum og hvaða fagaðilar koma að þverfaglegri starfsendurhæfingu í Samvinnu.

Endurhæfingarleiðir – innihald

Boðið er upp á mismunandi þjónustuleiðir í Samvinnu og fá allir þátttakendur sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfara, fíknifræðing, fjölskyldumeðferðarfræðinga, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttufræðing, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, menntastofnanir og námskeiðshaldara. Samstarf við atvinnurekendur er gott en erfiðara var að fá vinnuþröfn á almennum vinnumarkaði fyrir þátttakendur, sem er einn af mikilvægum þáttum endurhæfingarinnar, vegna fjölda-takmarkana.

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012. Til þess að eiga rétt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni. Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.


Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum

Um er að ræða endurhæfingu í tvo mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst meðal annars fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing

Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkað eða í áframhaldandi nám. Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Fjöldi þátttakanda út frá endurhæfingarleiðum




Eftirfylgd

Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Á mynd 2. má sjá hvernig þátttakendur skiptast á endurhæfingarleiðirnar.

■ Einstaklingsmiðuð endurhæfing ■ mat á stöðu einstaklings ■ Eftirfylgd — mynd 2.

Fjöldi þátttakanda út frá kynjaskiptingu




■ Konur ■ Karlar ■ Samtals — mynd 3.

Eins og undanfarin ár voru konur í meirihluta í Samvinnu, kynjaskiptinguna má sjá á mynd 3. Konur voru 71% af þátttakendum, þannig að kynjaskiptingin er svipuð og á síðasta ári.

Aldursdreifing á þátttakendum í Samvinnu er breiður, yngstu þátttakendurnir voru 19 ára og sá elsti 54 ára eins og sjá má á mynd 4. hér til hægri. Það voru 106 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu á árinu sem er fjölgun um 8 einstaklinga frá fyrra ári. Eins og undanfarin ár eru ungir einstaklingar í meirihluta og fjölga einstaklingum í þeim hópi. 66 einstaklingar eru á aldrinum 19 til 29 ára eða 62% af heildarfjölda.

Aldur þátttakanda



■ Fjöldi þátttakanda eftir aldri — mynd 4.

Endurhæfingin sérsniðin að einstaklingnum

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Ávallt er boðið upp á dagskrá/stundaskrá sem er eingöngu fyrir þátttakendur í Samvinnu og skipulögð í 6 vikur í senn. Að venju var dagskráin fjölbreytt og megináherslan á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Eins og fram hefur komið voru námskeiðin sniðin að reglum almannavarna varðandi samkomutakmarkanir hverju sinni. Fræðslan fór bæði fram í húsnæði MSS og með fjarfundarbúnaði. Taka þurfti tillit til ýmissa þátta árið 2020 t.d. þegar einstaklingar voru í sóttkví eða ef þeir fundu fyrir einhverjum flensueinkennum. Að venju gafst þátttakendum tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum. Ráðgjafar Samvinnu leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Mikil nýbreytni er í starfinu og fá þátttakendur tækifæri til þess að taka þátt í mótun dagskrárinnar.

Boðið var upp á netnámskeiðið „Lifðu betur“ sem fer alfar- ið fram á netinu. Orrí Smáráson, sálfræingur vann náms- efnið ásamt Sigurði Ólafssyni. Námskeiðið er sniðið að hverjum einstaklingi og getur hver og einn farið í gegnum námskeiðið á sínum hraða og forsendum innan 10 vikna. Námskeiðið byggir á vísindalega viðurkenndri aðferð sem nefnist sáttar- og atferlismeðferð. Það kom sér vel að geta boðið upp á námskeiðið árið 2020. Ráðgjafar fylgdu svo námskeiðinu eftir í viðtölum. Lagasmiðjan var á sínum stað á dagskránni, bæði í júní í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og í október í samstarfi við Tónlistarskóla Sandgerðis og Garðs. Sjálfstyrkingarnámskeiðið Draumar og drekar og fjármálanámskeiðið, Leiðin til velgengni fóru fram á fjarfundi. Önnur námskeið voru á sínum stað eins og núvitund í daglegu lífi, meðvirkni, markþjálfun, heilsu- og starfstengd fræðsla, vinnustofur ásamt hreyfingu svo eitthvað sé nefnt.

Stór liður í endurhæfingunni er að fá tækifæri á að prufa sig á almennum vinnumarkaði og er Samvinna í samstarfi við fjölmargar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Sjá mynd 5 á næstu síðu. Sami fjöldi var í vinnuprufum árið 2020 og 2019 en vegna samkomutakmarkana var það ekki eins markvisst og undanfarin ár. Fjölgun var hins vegar hjá þeim sem nýttu sér menntaleiðir og voru leiðirnar mjög fjölbreyttar eins og sjá má á mynd 5.

Menntastofnun – MSS

Fjöldi

| | |
|------------------------------------|-----------|
| <i>Raunfærnimat</i> | 11 |
| <i>Meðferð matvæla á ensku</i> | 1 |
| <i>Grunnmenntaskólinn</i> | 15 |
| <i>Íslenska fyrir útlendinga</i> | 4 |
| <i>Samfélagstúlkun</i> | 1 |
| <i>Menntastoðir</i> | 29 |
| <i>Sölu- markaðs og rekstarnám</i> | 1 |
| <i>Skrifstofuskóli 1</i> | 5 |
| <i>How to build a webpage</i> | 1 |
| Samtals | 68 |

Nám og starf utan samvinnu


Fjöldi

| | |
|--|-----------|
| <i>Borgarholtsskóli</i> | 1 |
| <i>FS</i> | 2 |
| <i>VMA</i> | 1 |
| <i>Keilir</i> | 4 |
| <i>Proment</i> | 1 |
| <i>Magnetic naglaskólinn</i> | 1 |
| <i>Vinnuþrúfa á almennu vinnumarkaði</i> | 29 |
| <i>Stuðningur í starfi</i> | 10 |
| Samtals | 49 |

Samvinna er í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu og bætast ný fyrirtæki í hópinn á hverju ári. 23 fyrirtæki buðu þátttakendum Samvinnu vinnuþrúfu, um var að ræða 29 einstaklinga. Eftirfarandi fyrirtæki voru í samstarfi við Samvinnu varðandi vinnuþrúfur árið 2020: *Lager Pennans, Holtaskóli, 88 húsið, leikskólarnir Gefnarborg, Akur, Völlur, Laut og Hjallatún, Ráðhúskaffi, elliheimilið Grund, Sporthúsið, Am corp ehf., Nettó Grindavík, Hrafnista Reykjanesbæ, Myllubakkaskóli, Blue bílaleiga, Kapalvæðing, Penninn Eymundsson, Æco þjónusta ehf., Keflavíkurkirkja, Selið dagdvöl aldraðra og Library.*

Framfærsla þátttakanda við útskrift 2020

Mynd 6.



■ Annað ■ Laun ■ Örorkulífeyri ■ Endurhæfingarlífeyri
 ■ Staðgreiðslumat ■ Námslán ■ Atvinnuleysisbætur ■ Fjárhagsaðstoð Sveitarfélaga


Framfærsla

Tekið var saman hver framfærsla og virkni þátttakenda var við útskrift frá Samvinnu árið 2020 sem sjá má á næstu tveimur myndum mynd 6. og mynd 7.

Alls voru 15% með laun á almennum vinnumarkaði sem er fækkun frá árinu áður. Það sem flokkast undir annað eru þeir þátttakendur sem ekki voru með neinar tekjur við útskrift svo sem fæðingarstyrkur, umönnunarbætur, engar tekjur eða ekki vitað. Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri og endurhæfingarlífeyri frá TR eða lífeyrissjóðum voru 33% og 23% fóru í starfsgetumat á vegum VIRK. Þeir sem voru á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga voru 4% sem er lækkun frá síðasta ári. Það voru 4% á námslánum og 8% á atvinnuleysisbótum.

Virkni þátttakanda við útskrift 2020

Mynd 7.



■ Launað starf ■ Endurhæfing ■ Nám ■ Atvinnuleit ■ Sjálfböðastarf ■ Vísað í félagsþj. ■ Annað

Samantekt

Fjölgun á tilvísunum var á milli áráanna 2019 og 2020. Seinkun á útskrift frá Samvinnu var hjá nokkrum einstaklingum vegna samfélagslegra þátta. Starfsfólk stóð sig vel í að halda utan um endurhæfingu þátttakenda og skipulag dagskrár þrátt fyrir miklar áskoranir á árinu. Mikið álag var um tíma þegar öllu var snúið á hvolf og starfsmenn þurftu að kynna sér fjarfundarbúnað. Starfið hefur verið margt ólíkt því sem áður hefur verið þar sem mikið hefur verið lagt upp úr virkni þátttakenda og að mæta á staðin á námskeið. Ákveðið var snemma þegar miklar samkomutakmarkanir byrjuðu í mars 2020 að hafa opið í júlí til að mæta þörfum þátttakenda Samvinnu sem sumir hverjir voru í einangrun og rútínuleysi. Árið tók á fyrir marga, atvinnumarkaðurinn á landinu hrundi og þá sérstaklega á okkar svæði.

Skipulagðar voru stundaskrár sex vikur fram í tímann eins og undanfarin ár með ýmsum þemavikum og uppbrotum á starfinu sem gefist hefur vel. Þannig fær hver þátttakandi sína eigin stundaskrá og velur sjálfur námskeið eða leið miðað við sínar hindranir og markmið.

Samstarf ráðgjafa Samvinnu við ráðgjafa VIRK á Reykjanesi er til fyrirmyndar og eru fundir haldnir með þeim reglulega auk samskipta vegna sameiginlegra mála. Sí- og endurmenntun er mikilvægur þáttur í starfi MSS. Ráðgjafar Samvinnu nýttu árið í að kynna sér tækni og fjarfundarbúnað enda tilneydd til að geta brugðist við því ástandi sem upp kom. Lærdómur var mikill sem hægt er að nýta áfram, mun auðveldara var að flytja öll námskeið í fjarfund í lok árs 2020 en í upphafi þó svo alltaf sé auðveldara og skemmtilegra að hafa þátttakendur í húsnæði MSS.

Þjónustukerfi VIRK sem ber innra heitið Yoda er í sífeldri þróun og hafa ráðgjafar Samvinnu aðlagð sig að breytingum hverju sinni. Ráðgjafar Samvinnu sátu rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK þar sem skoðuð er framvinda hvers einstaklings og áætlun um næstu skref gerð.



Erlend verkefni

Erasmus+ Creative and Design Thinking

Verkefnið CDTMOOC er unnið í samstarfi við stofnanir frá Ítalíu, Finnlandi, Frakklandi og Lúxemborg og hófst árið 2019. Þetta er samstarf háskóla, hönnunarmiðstöðvar, leikjaframleiðanda og fullorðinsfræðslu. Þessi fjölbreytni þátttakenda býður upp á þverfaglega nálgun á verkefnið sem er mikill styrkur.

CDTMOOC verður gagnvirkur vefur sem mun bjóða upp á ný verkfæri til að aðstoða fólk við að þróa sig áfram sem frumkvöðla eða jafnvel finna hvort nýsköpun og frumkvöðlun sé eitthvað sem vekur áhuga. Einn hluti verkefnisins er að þróa hugmyndafræði þar sem Lego kubbar eru notaðir í markvissum tilgangi til að efla skapandi hugsun og einnig er mikil vinna lögð í að leikjavæða (e. gamifications) náms efni með tölvuleik sem er hannaður fyrir alla hvort sem það eru nemendur, starfsfólk fyrirtækja eða fólk í leit að atvinnutækifærum sem vill máta sig í nýsköpun og frum-

kvöðlun. Safnað hefur verið dæmum um góða starfshætti í nýsköpun sem eru til fyrirmyndar í þeim löndum sem taka þátt í verkefninu og síðan kusum við bestu starfshættina til að vinna út frá.

Afurðin verður vefsvæði þar sem hægt er að nálgast námskeið sem eru leikjavædd og hvetja til skapandi hugsunar og ætti að vera gott tæki til að finna frumkvöðla framtíðarinnar. Námskeiðið verður opið öllum en við í MSS munum tilraunakeyra það á haustdögum 2021.

Í febrúar fóru tveir starfsmenn MSS til Túrku í Finnlandi þar sem haldinn var 5 daga vinnufundur og námskeið varðandi efni verkefnisins. Hópurinn er öflugur og kynntist vel. Það kom sér vel að ná því að hittast rétt fyrir breytingar á ferðalögum vegna Covid 19. Hópurinn náði góðum tengslum og vinnan hefur farið fram á netinu með markvissum fundum og vinnustofum.

Nordplus Voksen - Brúum bilið

Nordplus verkefnið Brúum bilið sem nefnist á ensku Bridging the gap between teaching and research tengist starfsþróun kennara. Markmið verkefnisins er eins og nafnið gefur til kynna að brúa bilið á milli kennslu og rannsókna og veita kennurum tækifæri til þess að skoða starf sitt með augum rannsakandans.

Samstarfsaðilar MSS í verkefninu koma frá Danmörku og Finnlandi. Í University College Absalon í Danmörku og Ottavia, educational service í Finnlandi er m.a. boðið uppá kennaramenntun og samstarfsaðilar okkar í verkefninu starfa við skipulagningu náms fyrir kennaranema og starfsþróunar fyrir starfandi kennara.

Verkefnið felst í því að skipuleggja námskeið fyrir starfandi kennara þvert á skólastig. Námskeiðið var sett upp á kennslukerfinu MOODLE þar sem allt efni er aðgengilegt.

Námskeiðinu var skipt upp í fjóra þætti sem nefndir voru Discover, Explore, Collect og Share.

Námskeiðið er byggt á vinnustofum þar sem kennarar fá tækifæri til þess að skoða ákveðið atriði, verkefni eða áskorun í eigin starfi. Hönnun námskeiðsins er með þeim hætti að verkefni og skipulag er gert sérstaklega aðgengilegt og ekki er gerð krafa um miklar fræðilegar ígrundanir heldur er frekar lögð áhersla á að kennarar fái stuðning við starfsþróun, við að leita nýrra leiða og lausna við áskorunum sem þeir mæta í starfi sínu. Þátttakendur fá tækifæri til þess að tengjast á milli landa og fá innsýn í áskoranir og hugmyndir finnskra kennara sem einnig taka þátt í námskeiðinu.

Verkefnið hófst í ágúst 2019 og mun ljúka árið 2021.



Erasmus+ - Cyber Clever

Erasmus verkefnið „Cyber Clever-Integration of cyber security in initial VET-education“ hefur það að markmiði að innleiða og meta þjálfunarpakka fyrir kennara í starfsfræðslu og þjálfun fyrir fullorðna þar sem ætlunin er að auka vitund um upplýsingaöryggi. Hugmyndin er innblásin af GenCyber námskeiðunum frá Bandaríkjunum.

Áhersla er lögð á að setja saman eftirfarandi námskeið:

1. Persónuvernd (Privacy)
2. Upplýsingaöryggi (Cyber-security)
3. Samfélagsmiðlar og hreint umhverfi á Internetinu (Social media and Internet hygiene)
4. Stafræn áhætta og varnir (Digital vulnerability)
5. Aðferðir til hökkunar og lykilorð (Hacking methods and password security)

Í verkefninu verða starfsmenn og nemendur þjálfaðir í upplýsingaöryggi. Lögð er áhersla á að gera upplýsingaöryggi hátt undir höfði og geta boðið upp á samþættingu þess við annað nám. Verkefnið á að stuðla að því að starfsmenn verði meðvitaðri um upplýsingaöryggi fyrirtækisins og hjá sér persónulega. Í verkefninu verður tekið saman yfirlit yfir stefnu ríkjanna í upplýsingaöryggismálum. Niðurstaða verkefnisins verður kynnt í hverju landi fyrir sig.

Cyber Clever er samstarfsverkefni átta stofnana frá sex Evrópulöndum sem eru auk Íslands – Noregur, Eistland, Svíþjóð, Austurríki og Tyrkland. Verkefninu er stýrt frá Godalen framhaldsskólanum í Stavanger Noregi.

Verkefnið hófst í september 2020 og mun ljúka í ágúst 2022.


Erasmus+ - Concept note

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefni með samstarfsfélögum frá Ítalíu, Þýskalandi, Rúmeníu og Spáni. Verkefnið miðast að því skoða þarfir innflytjenda með litla eða enga tungumálakunnáttu fyrir utan móðurmál sitt, varðandi starfsþjálfun.

Fundin verða dæmi um góðar starfsaðferðir í hverju landi fyrir sig og valin úr þeim bestu dæmin. Jafnframt verða stofnaðir rýnihópar og niðurstöður þeirra greindar til að fá fram fræðilega þekkingu til að byggja starfsfræðsluna á. Unnin verða myndbönd sem verða öllum opin til að styðja við starfsþjálfun í nokkrum atvinnugreinum þar sem algengast er að markhópurinn fari til vinnu.

Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á [heimasíðu verkefnisins](#) eða [fésbókarsíðu verkefnisins](#)

Verkefnið hófst árið 2020 og mun ljúka árið 2023.

The logo for ECHO PLAY is displayed within a light green circular background. The word "ECHO" is written in a bold, black, sans-serif font. Below it, the word "PLAY" is written in a playful, blocky font where each letter is constructed from small, colored dots (red, blue, orange, and green).

Erasmus+ - Echo Play

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefni með samstarfsfélögum frá Finnlandi, Ítalíu og Frakklandi. MSS stýrir verkefninu.

Verkefnið miðar að því að nota fjölbreyttar rannsóknaraðferðir; til að skoða nýjar leiðir til að styðja við fólk í námi eða vinnu, til að efla hæfni þeirra, til að finna þann starfsferil eða nám sem því hentar best. Einnig er stefnt að því að þau tæki/verkfæri sem verða afurð verkefnisins henti fyrirtækjum til að skoða starfs- og endurmenntun með starfsmönnum sínum.

Það er gert með því að rannsaka góð dæmi um starfsaðferðir í öllum þátttökulöndunum og velja bestu dæmin úr þeim. Gerðir verða viðtalsrammar og stofnaðir rýnihópar sem samanstanda af kennurum, nemendum og stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja og þeir greindir út frá

efninu. Jafnframt eru fundnar góðar fyrirmyndir/tilfelli þar sem þessir góðu starfshættir eru að virka vel.

Tilgangurinn er að búa til verkfæri sem verða opin öllum til afnota á vefsvæði verkefnisins. Stuðst verður við aðferðir leikjavæðingar til þess. Leikirnir eru byggðir á rannsóknum verkefnisins og reynslu sérfræðinga þess.

Nánari upplýsingar má finna á [fésbókarsíðu verkefnisins](#).

Verkefnið hófst í desember 2020 og því mun ljúka árið 2023.



Próunarverkeni

Sveigjanlegt nám – sveigjanleg kennsla

Með tilkomu meiri sveigjanleika í námi verður til krafa um að leiðbeinendur öðlist færni og kunnáttu í kennslufræði fjar-, dreifi- og vendináms. Leiðbeinendur þurfa að öðlast færni í notkun tækni auk þess að þekkja kennslufræðileg grundvallaratriði í kennslu sem fer að mestu fram í gegnum netið. Þá er sérstaklega átt við samskipti við nemendur, uppsetningu námskeiða, framkvæmd námsmats og kennsluaðferðir.

Markmið verkefnisins er að:

- Efla færni og þekkingu leiðbeinenda í námsleiðum sem kenndar eru í fjar-, dreifi- og vendinámi.
- Veita leiðbeinendum tækifæri til að læra hver af öðrum í gegnum jafningjafræðslu og sameiginlegan gagnagrunn.

Skapa sameiginlegan gagnagrunn sem nýtist leiðbeinendum og verkefnastjórum við þróun kennsluhátta. Afurð verkefnisins er námskeið og fræðslugátt

Námskeiðinu er skiptí fjóra námsþætti; skipulagning og framkvæmd fjarkennslu, tækniverkstæði – öpp og upptökur, tækniverkstæði – MOODLE og námsmat í fjarkennslu. Í lok námskeiðs voru haldnar Menntabúðir þar sem þátttakendur fengu tækifæri til þess að læra af hver öðrum og deila reynslu.

Námskeiðið var prufukeyrt á tímabilinu 26. mars til 20. maí 2020 og fór kennsla alfarið fram á netinu. Vinnustofur eða vörður voru skipulagðar með reglulegu millibili á tímabilinu svo gert var ráð fyrir virkni þátttakenda á tveggja vikna fresti. Námskeiðsvefurinn verður aðgengilegur að loknu námskeiði og er hugsaður sem fræðslugátt fyrir kennara og leiðbeinendur í framhaldsfræðslu.

Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar, það hófst haustið 2019 og lauk í júní 2020.

Gæðamatur og ferðaþjónusta

Markmið verkefnisins er að styðja við íslenska matarframleiðslu með augastað á ferðaþjónustu.

Afurð verkefnisins eru þættir sem aðgengilegir eru á Youtube. Markhópurinn er starfsfólk sem er starfandi í framlínu þar sem framleidd/framreidd eru íslensk matvæli. Starfsmenn fá tækifæri til að kynna sérstöðu íslenskra matvæla og þeim fjölmörgu möguleikum sem eru í þeirri grein. Einnig eru leiðbeiningar um móttöku viðskiptavina og hvað þarf til að gera vel í framreiðslu.

Verkefnið er í fjórum þáttum þar sem fjallað er um mat og ferðaþjónustu, gæði matvæla og meðhöndlun, hreinlæti og þjónustu og ábyrgð starfsmanna. Á árinu 2019 var farið í heimsókn í fyrirtækin Friðheima, Gott, Skál og Hótel Glym til að fá sérfræðipækkingu þeirra fram og taka viðtöl við það frábæra fagfólk sem starfar þar um hvað þeim fyndist

mikilvægast í sínum rekstri. Áhersla er á íslenskt hráefni og vönduð vinnubrögð og þjónustu. Efnið er textað á íslensku, ensku og pólsku.

Slóðina á þættina er að finna [hér!](#)

Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði. Verkefnið hófst haustið 2018 og lauk á vordögum 2020.

Stafræn nýliðþjálfun og starfakynning fyrir fiskvinnslustörf

Markmið verkefnisins er að styrkja nýliðþjálfun í fiskvinnslu ásamt því að sýna fram á fjölbreytileikann í störfum í sjávarútvegi. Einnig er efnið ætlað til notkunnar í skólum til að kynna margvísleg störf og starfsmöguleika í fiskvinnslu.

Afurð verkefnisins eru fimm myndbönd um störf í sjávarútvegi: Fagmennska, Nýliðinn, Hafsjór tækifæra 1 og 2 og Frá veiðum á disk. Myndböndin eru textuð á íslensku, ensku og pólsku (notið subtitle).

Slóðina á myndböndin er að finna [hér!](#)

Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði síldarútvegsins og hófst haustið 2018 og lauk að vori 2020.



Ársskýrsla

2020

Ársreikningur fyrir árið 2020



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enqa aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vísu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlaðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félaasins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 17. maí 2021

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsd

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Kristján Þ. Ragnarsson

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyrja beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

Starfsemin á árinu

| | |
|---|-------------|
| Tekjur umfram gjöld félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam..... | 4.811.154 |
| Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu..... | 200.314.555 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam..... | 155.131.164 |
| Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam..... | 77,4% |
| Fjöldi ársverka á árinu nam..... | 16,8 |

Óvissupættir og ytra umhverfi

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningskil félagsins sem óveruleg, sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 10.

Tillaga stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.


Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.


Stjórn og framkvæmdastjóri Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins

Reykjanesbær, 17. maí 2021

Í stjórn


Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður

Ellert Eiríksson


Kristján Asmundsson


Förstöðumaður


Guðjónína Sæmundsdóttir

Ólafur Magnússon



Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir



Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|--|-------|--------------------|------------------|
| Rekstrartekjur | | 376.035.258 | 383.815.520 |
| Aðrar tekjur | | 563.812 | 2.327.995 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (199.985.774) | (206.321.478) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (173.566.802) | (177.546.724) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (6.390.905) | (2.967.824) |
| Rekstrarniðurstaða | | (3.344.411) | (692.511) |
| Fjármunatekjur | | 8.536.282 | 4.491.268 |
| Fjármagnsgjöld | | (380.717) | (717.989) |
| | 5 | 8.155.565 | 3.773.279 |
| Tekjur umfram gjöld | | 4.811.154 | 3.080.768 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| Eignir | Skýr. | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 14.081.477 | 3.828.149 |
| Fjárfestingarverðbréf | | 100.000 | 100.000 |
| | | <u>14.181.477</u> | <u>3.928.149</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 16.360.922 | 20.522.322 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 4.900 | 197.200 |
| Handbært fé | | 169.767.256 | 168.341.526 |
| | | <u>186.133.078</u> | <u>189.061.048</u> |
| Eignir | | <u>200.314.555</u> | <u>192.989.197</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 8 | 155.131.164 | 150.320.011 |
| Eigið fé | | <u>155.131.164</u> | <u>150.320.011</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 7.392.362 | 4.351.690 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 37.791.029 | 38.317.496 |
| | | <u>45.183.391</u> | <u>42.669.186</u> |
| Skuldir | | <u>45.183.391</u> | <u>42.669.186</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>200.314.555</u> | <u>192.989.197</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|-------|-------------------|-------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarniðurstaða | | (3.344.411) | (692.511) |
| Afskriftir | | 6.390.905 | 2.967.824 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 3.046.494 | 2.275.313 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun | | 4.353.700 | 208.417 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 2.514.205 | 8.078.104 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 9.914.399 | 10.561.834 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 8.536.282 | 4.491.268 |
| Greiddir vextir | | (380.717) | (717.989) |
| Handbært fé frá rekstri | | 18.069.964 | 14.335.113 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | (16.644.233) | (1.009.980) |
| | | (16.644.233) | (1.009.980) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| | | 0 | 0 |
| | | 0 | 0 |
| Hækkun handbærs fjár | | 1.425.731 | 13.325.133 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 168.341.526 | 155.016.393 |
| Handbært fé í lok árs | | 169.767.257 | 168.341.526 |